Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Árni Árnason

Bjarni Benediktsson – Árni Árnason

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík 11/v 1941

Hr. borgarstjóri!

Ég vil leyfa mér að vekja eftirtekt yðar á, að vegna skipunar loftvarnanefndar um að loka fyrir gas í húsum, er stöðugt verið að hringja hér á Gasstöðina og byðja um leiðbeiningar, hvernig eigi að loka. ~~fyrir~~ Samkvæmt fyrirmælum loftvarnarnefndar, á að loka fyrir húsið, en víðast hvar er ekki hægt að loka nema fyrir mælirana, svo þó ekki væri nema af þeirri ástæðu, er skipunin gagnslaus. En aðalatriðið er að komi sprengja á hús, svo að gasæðar bili, þá getur hver maður sagt sér sjálfur, að það muni ekki vera mikið til íbúðar á eftir, svo frá því sjónarmiði er þessi gaslokun óþörf, en vegna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gasstöðvarinnar ætti umsjónarmaður hvers húss, að hafa beittan hníf og spítu sem hann gæti búið til tappa úr, til að reka í rör sem bilar — hvort heldur væri utan húss eða innan.

Umsjónarmenn ættu að vita hve æðarar æðar eru í húsum og götum hver á sínum stað, og hafa tilbúna trétappa, af þeim gildleika sem um er að ræða

Virðingarfyllst

Þórir Einarsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20/9 1941

Hr. borgarstjóri!

Hér kemur aldrei vagn.

Hólshúsið er eitt af elstu steinhúsunum hér í bæ. Sú saga er sögð, að þegar það var byggt, var lögð fram beiðni til bæjarstjórnar um byggingarleyfi. Útvegsbóndi einn, er sæti átti í bæjarstjórn, gerði þá athugasemd við beiðnina, hvort ekki væri rétt að byggja húsið innar í lóðinni, svo gatan gæti breikkað ef á þyrfti að halda, en valdamesti og lærðasti maðurinn í bæjarstjórninni, stóð þá upp og svaraði: að það væri ástæðulaust „því hér kemur aldrei vagn".

Þessi maður ásamt öðrum sem nú lifum, fékk að sjá hér bæði vagna, bíla og járnbraut, hann lifði það, að húsið varð fyrir umferðinni, og að orð hans eru notuð í háði um framsýni þess opinbera.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvernig stendur á því, að það opinbera lætur lönd á erfðafestu til ræktunar, en það er ekki fyrr búið að rækta landið, en því er breytt í byggingalóðir, en holtin standa eftir óbygð. Hvaða ástæða er til að taka frekar ræk~~tuð~~ lönd til bygginga? Þau eru hvort ið er sundurgrafin til að byggja á þeim og leggja um þau götur. og þá þarf að rækta þau á ný ef þau eru ekki tröðkuð niður, eða höfð undir drasl eins og víða er um lóðir í bænum. Það á að byggja holtin fyrst, en láta ræktaða landið óbreytt meðan ekki er þrengra um okkur en orðið er. afsökun bæjarverkfræðings ~~útaf~~ vegna bygginga í Rauðarárholtinu í stað þess að byggja holtið, er ómerkilegt ~~nöl~~ eins og hver maður getur séð sem gengur þangað inn eftir.

Nú er umferðin orðin það mikil í bænum, að flestar götur eru orðnar of þröngar. Þær götur sem byggðar

að vera aðalumferðaræðar, og eru notaðar sem slíkar, eru beinlínis hættusvæði vegna þess hve þröngar þær eru, og vegna fyrirhyggjuleysis ráðamanna bæjarins þannig byggt fram með þeim, að ekki er unt að breikka þær, vegna óskaplegs kostnaðar – samfeldir steinkassar steyptir út við götu. Þetta er að taka fram fyrir hendurnar á framtíðinni.

Landrýmið er alstaðar nóg; því ekki að byggja húsin það langt frá götu sem lóðin leyfir? svo hægt sé að breikka göturnar eftir því sem vöxtur bæjarins krefur, án þess að þurfi að rífa eða eyðileggja húsin, þau gætu engu að síður snúið beina línu fyrir því.

Hér er bæjarverkfræðingur, Rafveituverkfræðingur, Landsímaverkfræðingur og Hitaveituverkfræðingur, ásamt ótal undirverkfræðingum. Þegar bæjarverkfræðingur er búinn að láta ganga frá götunum, leggja í þær vatn, gas og skolpræsi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvernig stendur á því, að það opinbera lætur lönd á erfðafestu til ræktunar, en það er ekki fyr búið að rækta landið, en því er breytt í byggingalóðir, en holtin standa eftir óbyggð. Hvaða ástæða er til að taka frekar ~~ræktuð~~ lönd til bygginga? Þau eru hvort sem er sundurgrafin til að byggja á þeim og leggja um þau götur. og þá þarf að rækta þau á ný ef þau eru ekki tröðkuð niður, eða höfð undir drasl eins og víða er um lóðir í bænum. Það á að byggja holtin fyrst, en láta ræktaða landið óbreytt meðan ekki er þrengra um. Okkur en orðið er. Afsökun bæjarverkfræðings ~~útaf~~ vegna bygginga í Rauðarártúni í stað þess að byggja holtið, er ómerkilegt ~~röl~~ eins og hver maður getur séð sem gengur þangað inn eftir.

Nú er umferðin orðin það mikil í bænum, að flestar götur eru orðnar of þröngar. Þær götur sem byrftu

að vera aðalumferðaræðar, og eru notaðar sem slíkar, eru beinlínis hættusvæði vegna þess hve þröngar þær eru, og vegna fyrirhyggjuleysis ráðamanna bæjarins þannig byggt fram með þeim, að ekki er unt að breikka þær, vegna ókleyfs kostnaðar — samfeldir steinkassar steyptir út við götu. *Þetta er að taka fram fyrir hendurnar á framtíðinni*

Landrýmið er alstaðar nóg; því ekki að byggja húsin það langt frá götu sem lóðin leyfir? svo hægt sé að breikka göturnar eftir því sem vöxtur bæjarins krefur, án þess að þurfi að rífa eða eiðileggja húsin, þau gætu auðvitað verið bein línu fyrir því.

Hér er bæjarverkfræðingur. Rafveituverkfræðingur Landsímaverkfræðingur og Hitaveituverkfræðingur á samt ótal undirverkfræðingum. Þegar bæjarverkfræðingur er búinn að láta ganga frá götunum, leggja í þær vatn gas og skolpræsi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og smalbika, koma hinir verkfræðingarnir. Þó ekki svo vel að þeir komi allir í einu - nei, hver á eftir öðrum, og rífa upp göturnar með sína ögnina hver, og sumir þeirra aftur og aftur. Okkur sem erum áhorfendur að þessu, blæðir í augum að sjá svona farið með fé bæjarins, sem tekið er af okkur frá brýnustu þörfum, og sem úr því búið er að taka það, mætti verja svo miklu betur. Okkur virðist að bæjarverkfræðingur eigi að vita hvað á að fara í göturnar, og hann eigi að tilkynna verkfræðingum annar stofn. a. m. a., að nú sé verið að byggja þessa eða hina götuna, og ef eitthvað eigi að koma í viðkomandi götu frá þeirri stofnun, þá verði það að gerast strax. Okkur virðist líka að fyrst verið er að leggja þettað í göturnar, þá eigi að ganga svo frá að hægt sé að komast að því að gera við bilanir sem altaf geta komið fyrir, án þess að eyðileggja götuna eða teppa umferðina. Okkur virðist að allar lagnir sem í jörð eru lagðar, ætti að vera í einum stokk. Þettað er vitanlega ekki hægt ~~svo~~ héðan af með þær götur sem þegar er búið að leggja í, en í framtíðinni ætti þær að vera í einum stokk utan götu upp með húsaröðum en alls ekki í götum.

Það er ekki glæsilegri ráðsmenskan

áður en vél tækni þekktist, Véltækni hefur þvert á móti hækkað það sem kallað er lífsstandardinn, - hefur bætt kjör alls almennings með styttum vinnudegi, léttari vinnu, alskonar þægindum, og fjölbreyttari lífsafkomuskilyrðum, stytt vegalengdirnar milli heimsálfanna, og gjört okkur kleyft að njóta framleiðslu fjarlægra landa, og selja þeim okkar. Það þyrfti fleiri menn til að annast þá flutninga á árabátum en dytti nokkrum í hug - þrátt fyrir vinnuleysi (úrræðaleysi) að leggja út í slíkt.?
Vegirnir eru samgöngutæki og bætta samgöngur eiga að skapa nýja og meiri möguleika, eftir því sem vegirnir eru betri og leggja sig víðar um landið, eftir því ættu fleiri að geta lifað af að rækta það. Þessvegna hlýtur að vera rangt, að taka menn frá lífrænni framleiðslu. Jarðræktinni, til vegagerða, þegar hægt er að fá vélar til að gera það ódýrar og betur og fljótara. Vegavinnan, eins og hún hefur verið rekin hér, á stóran þátt í að draga fólkið úr sveitunum, en

aðal ástæðan til atvinnuleysisins er,
að ráðamenn þjóðanna eru ekki
víðsýnir í samræmi við vöxt tækninnar
þeir hafa komið á hömlum og höftum á
athafnalíf manna, svo sem viðskiftahöftum
fátækralöggjöfin, skattabrjálæðið og iðn=
löggjöfin sem meinar sjómönnum að
læra það sem þá langar til, og hindrar
menn frá, að sjá sjálfum sér farborða. —
Þó ekki sé þörf fyrir fleyri menn með
þessari þekkingu í dag. Hver getur sagt
um það hvort ekki sé þörf fyrir hann
á morgun. - fyrir utan það að þegar hann
væri búinn að læra, hver veit hvaða nýja
möguleika hann sægi? allt nýtt er orsök
einhvers annars sem maður hefur þekkt.
Hver vill fullyrða Hér kemur aldrei saga?

Virðingarfyllst

Ari Arason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28/2 1941

Hr. borgarstjóri!

Ég sendi yður hérmeð yfirlit yfir árið 1940.

Virðingarfyllst

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur